

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

87. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn þriðjudaginn 18. október 2022. Fundurinn var fjarfundur haldin í Teams og hófst hann kl. 10:30.

Mætt f.h FT, Sigrún Grendal, Guðbjörg Sigurjónsdóttir, Guðlaugur Victorsson og Oddur Jakobsson. Af hálfu SNS mættu Raket Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Pá var gengið til dagskrár:

1. Launaþróun stjórnenda innan KÍ og ósk FT um breytingar á kjarasamningi.

FT óskaði eftir fundi í samstarfsnefnd til að ræða launaþróun og mögulegar breytingar á kjarasamningi félagsins í samræmi við núverandi stöðu og launaþróun hjá öðrum aðildarfélögum KÍ sem semja við Samband íslenskra sveitarfélaga.

FT fór yfir stöðu mála og benti á tvö atriði, þar sem að mati félagsins hefur skapast ójafnræði þegar horft er til gerðar síðasta kjarasamnings, sem félagið óskar eftir að samstarfsnefndin taki til skoðunar:

1. Ákvæði um matar- og kaffitíma sem fór inn í síðasta kjarasamning FÍH en ekki hjá FT.
2. Ákvæði um persónuálag fyrir stjórnendur sbr. ákvæðin hjá SÍ og FSL en félagsmenn FT fá nú greidda launaflokka vegna viðbótarmenntunar en SÍ og FSL hafa tekið upp ný og víðtækari ákvæði um persónuálag vegna viðbótarmenntunar. Samkvæmt gildandi kjarasamningi aðila eru auk framangreinds menntunarákvæði kennara og stjórnenda ólík.

FT skýrði áherslu félagsins á framangreint en fleiri ákvæði hjá SÍ og FSL tóku breytingum í nýgerðum kjarasamningum s.s. ákvæði um stjórnunarreynslu.

Niðurstaða:

SNS tekur framkomnar athugasemdir og umræðu til skoðunar.

Næsti fundur verður 27. október klukkan 13:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:00.